

# Haustferðalag Rutar og Sveinbjörns í Brekku 2009.

Dagana 4.-7. september bauð ég Sveinbirni að koma með mér í sveitaferð norður í land. Ferðinni var heitið í sveitina mína, Brekku, sem er rétt fyrir utan Akureyri. Með okkur í för voru pabbi, mamma, afi, amma, Kári bróðir og Tumi hundurinn okkar. Í sveitinni var mikið að gerast og Sveinbjörn var hissa á öllu stússinu.

Við tíndum mikið af berjum og ég og Sveinbjörn vorum dugleg að borða ber í öll mál með miklum sykri og rjóma. Sveinbjörn fór líka með okkur í veiði þar sem fallegir laxar komu á land. Hann var nú samt hálfsmeykur við þessa stóru fiska og var hræddur við að detta út í ána.

Við tókum líka upp mikið af stórum og fallegum kartöflum og við Sveinbjörn vorum mjög dugleg að hjálpa til. Á eftir fengum við að þvo



þær vandlega og þurrka. Þetta var mikil vinna og Sveinbjörn var dauðþreyttur og sagði að það væri algjört púl að vinna í sveitinni.

Í sveitinni hitti ég marga vini mína og við lékum okkur í alls konar leikjum frá morgni til kvölds. Á laugardagskvöldinu kveikti pabbi minn í stórrí brennu við hlöðuna og það var rosalega skemmtilegt og spennandi. Sveinbjörn

var reyndar svo þreyttur að hann sofnaði í rúminu mínu og komst því ekki með á brennuna.

Á sunnudeginum bauð ég öllum vinum mínum með okkur Sveinbirni í hamborgaraveislu og á eftir fengum við að grilla okkur sykurpúða sem við hámuðum í okkur. Vinir mínir voru mjög hrifnir af

Sveinbirni en hundurinn minn hann Tumi var dálítið afbrýðissamur því hann fékk ekki að sofa upp í hjá mér eins og Sveinbjörn fékk að gera.



Þetta var frábær haustferð og við ætluðum varla að koma öllu dótinu okkar í bílinn heim því við vorum með svo mikið af berjum, kartöflum, rababara og fiski úr sveitinni. Ég þurfti því að sitja með Sveinbjörn í fanginu alla leiðina heim og það var allt í lagi því hann er svo stilltur og skemmtilegur ferðafélagi.

Rut Pétursdóttir 1. RS.